



Alþingi
Erindi nr. P 138/2964
komudagur 10.8.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 1195 – 649. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Fyrirhuguð er viðbót við 6. gr. laganna en í því ákvæði er kveðið á um að refska skuli „eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess, hver er að því valdur.“ Samkvæmt ofangreindu frumvarpi mun nýr töluliður bætast við 6. gr. orðast svo: „Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.“

Mannréttindaskrifstofan fagnar þeim fyrirætlunum íslenskra stjórnvalda að fullgilda umræddan samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún B. Árdal

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur